

Bæjarráð Garðabæjar
Ráðhús Garðabæjar
Garðatorgi 7
210 Garðabær

26.06.2019

Varðar: Skjólveggi í Urriðaholti

Stór þáttur í skipulagi Urriðaholts er að skapa aðlaðandi götumynd fyrir íbúa hverfisins. Til að tryggja framgang þess voru m.a. sett sérstök ákvæði í deiliskipulag um framkvæmd og uppsetningu skjólveggja.

Þrátt fyrir ltrekuð bréf Garðabæjar til lóðarhafa, húsfélaga o.fl., umræður á vettvangi íbúa og upplýsingar og ábendingar á heimasíðu Urriðaholts, þá er staðan sú, að í langan tíma hafa staðið skjólveggir sem eru í hróplegu ósamræmi við deiliskipulag og til þess fallnir að rýra götumynd hverfisins.

Farið er fram á að Garðabær bregðist nú þegar við óleyfisframkvæmdum og sjái til þess að þessum málum sé komið í lag. Athafnaleysi á þessu sviði hefur leitt til þess að svona óleyfisframkvæmdir halda áfram. Ekki er hægt að láta þessi brot á deiliskipulagi viðgangast og mikilvægt að bæjaryfirvöld sýni festu í þessu máli eins og öðrum.

Skipulagsráðgjafar Urriðaholts eru að sjálfsögðu tilbúnir til að koma til aðstoðar við úrlausn þessara mála sé þess óskað.

Virðingarfyllt,
f.h. Urriðaholts ehf.

Jón Pálmi Guðmundsson
framkvæmdastjóri



URRIÐAHOLT